

Athugasemd frá Laufey Vilhljálmsdóttur

Til : Berglind Guðmundsdóttir
Frá : laufeyvil@gmail.com
CC : thalldorsson@wh.is;halldisuna@gmail.com
Heiti : Athugasemd frá Laufey Vilhljálmsdóttur
Málsnúmer : 1211376
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð dags : 24.04.2018 10:04:58
Höfundur : laufeyvil@gmail.com

Hafnarfjörður, 24.april 2018

Við undirrituð íbúar og fasteignaeigendur í Furuás 27, Hafnarfirði mótmælum lagningu Ásvallabrautar neðan við Ásland 3 í nýju deiliskipulagi. Við viljum koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum vegna þessara fyrirhuguðu framkvæmda.

Þegar við festum kaup á fasteigninni Furuás 27 var skv.fundargerðum (1) Skipulags- og byggingarráðs og Hafnarfjarðarbæjar staðsetning Ásvallabrautar ekki áætluð milli íbúðabyggðar og hesthúsa, í skoðun voru aðrar leiðir neðan við hesthúsin. Þetta átti stóran þátt í að við ákváðum að kaupa fasteignina, í jaðri byggðar og náttúruparadísar. Þess vegna kom okkur mjög á óvart sú undarlega ákvörðun (sem n.b. var tekin eftir að við vorum flutt inn) að setja vegstæðið á svo til sama stað og áður var áætlað, þrátt fyrir hörð mótmæli íbúa. Við teljum okkur hafa verið svikin og við munum leita réttar okkar verði af þessum framkvæmdum og óska eftir mati óháðs löggilts fasteignasala til að meta verðmætarýrnun á fasteign okkar í Furuás 27.

- Er staðsetning hesthúshverfis Sörla, Hlíðarþúfur þáttur í þeirri ákvörðun að vegstæðið liggja ofan við hverfið?
- Vega hagsmunir hestamanna og hesthúsaeyganda í Hlíðarþúfum meira en hagsmunir íbúa og fasteignaeiganda í Áslandi3 þegar vegstæðið er ákveðið?
- Er ekki undarlegt að setja niður tvö vegstæði sem þarf að viðhalda og þau liggja sitt hvorum megin við frístundabyggð og kljúfi bæði íbúabyggð og frístundabyggð? Er viðhaldskostnaður beggja vega tekinn með í útreikningum og arðsemi?
- Er forsvaranlegt að leysa umferðarvanda eins hverfis á kostnað annars hverfis?

Að lokun, við teljum að framkvæmdin sé skammsýn og rýri til muna verðgildi fasteigna í Áslandi 3 ásamt því að rýra loftgæði og hljóðvist í hverfi sem státar af því að vera í jaðri fallegrar náttúru. Hverfið hefur alla burði til að skapa Hafnarfjarðarbæ umtalsverðar tekjur í framtíðinni sem vistvænt og náttúruvænt hverfi sem er fjarri stórum umferðaræðum og stofnbrautum. Svo þung umferð sem áætluð er á Ásvallabraut á í nútímasamfélagi ekki heima svo nálægt íbúa- og frístundabyggð. Við efumst um að hljóðmanir munu standast löggilt viðmið um hljóðgæði auk þess sem manirnar eru lýti á náttúrunni.

Við skorum á Hafnarfjarðarbæ að endurskoða ákvörðun um vegstæði Ásvallabrautar og að sú ákvörðun sé gerð í sátt við íbúa Áslands3 og Setbergs.

(1)Fundargerð 8.sept 2015, <https://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/fundargerdir/DisplayMeeting.aspx?id=1509001F>

Virðingarfyllst,

Laufey Vilhljálmsdóttir Hjörvar 1112684799

Torfi Rafn Halldórsson 1808694689

Halldís Una Hreiðarsdóttir 2610932869